

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Ásgerður K. Gylfadóttir,  
bæjarstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júní 2014  
Tilvísun: UST20140600045/ksj

## Tillaga að deiliskipulagi hótelbyggingar í landi Hnappavalla, Sveitarfélaginu Hornafjörður

Vísað er til erindis bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hótelins í landi Hnappavalla, Sveitarfélaginu Hornafjörður.

### Staðsetning hótel og lóð

Lóð hótelinsins er 5 ha að stærð og stendur við þjóðveg 1, vestan við bæjarþyrpinguna að Hnappavöllum. Í greinargerð kemur fram að hótelið kemur til með að standa saman af fjórum tveggja hæða einingum og þremur þriggja hæða einingum. Alls er gert ráð fyrir 116 herbergjum í hótelinu.

### Náttúruminjar

Á svæðinu sem áætlað hótel kemur til með að rísa eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá, eða náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Sjónræn áhrif

Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða sérhannað hótel sem leitast er við að aðhæfa landslaginu. Vegna stærðar heildarinnar og hverrar einingar fyrir sig mun hótelið samt sem áður koma til með að hafa sjónræn áhrif, miðað við nálægar landbúnaðarbyggingar. Fjarlægð frá austurenda hótelins að vestasta bæ Hnappavalla mælist á Skipulagssjá um 550 metrar, sem kemur til mótvægis við ásýndaráhrif.

### Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir sem fram koma í greinargerð um rotþró og markmið um að mengun verði í lágmarki. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að hugað verði að því að stærð rotþróar verði í samræmi við stærð hótelins.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við áætlað hótel í landi Hnappavalla.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur